

10. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 122/1993, um breytingar í skattamálum, og 49. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 31. maí 1994.

F. h. r.

Indriði H. Þorláksson.

Jón H. Steingrímsson.

AUGLÝSING

um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu Ólafsvíkurkaupstaðar, Neshrepps utan Ennis, Breiðuvíkurhrepps og Staðarsveitar.

Nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Snæfellsbær.

Félagsmálaráðuneytið, 20. maí 1994.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Sesselja Árnadóttir.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds á Grenivík 1994.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund á Grenivík sbr. 2. gr. c staflið samþykktar frá 28. júlí 1981 verði kr. 5.000, á árinu 1994. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. júlí 1994.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

3. gr.

Gjaldskrá þessi var samin og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps 11. apríl 1994.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. maí 1994.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Sólveig Guðmundsdóttir.